

juris Hannesar Thorsteinson og málaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 22/1896.

Rjettvísín

gegn

Yngveldi Sigurðardóttur.

D ó m u r:

Með dómi gegnum í aukarjetti Strandasýslu 5. nóvember f. á. var hin ákærða, Yngveldur Sigurðardóttir, dæmd fyrir innbrotsþjófnað til að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu, svo og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað. Dómi þessum er að beiðni hinnar ákærðu áfrýjað til landsyfirdómsins.

Það er með eigin játningu ákærðu, Yngveldar Sigurðardóttur á Gjögri, og styðst sú játning hennar við aðrar skýrslur, sem fengnar eru í málinu, löglega sannað, að hún í janúarmán. f. á. fór í læsta sjóbúð húsmanns Pjeturs Guðmundssonar þar, í þeim tilgangi að sækja þangað plötu, er hún átti þar og hafði notað þar nokkru áður við brauðabakstur, og tók hún þá við það tækifæri þar í búðinni ófrjálstri hendi einn mældan bolla af kaffi og 2 kandíssykurmola, er allt hefir verið virt á 35—37 aura. Fór hún í búðina með þeim hætti, að hún opnaði hurðina á búðinni með lykli, sem

húsmáður Magnús Magnússon átti og sem af hendingu gekk að læsingunni á hurðinni, en lykilinn virðist hún með rjettu hafa haft í vörzlum sínum. Þetta athæfi ákærðu, sem komin er yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefur sætt hegningu fyrir neitt afbrot, á undir 230. gr. almennra hegningarlaga, og virðist hegning sú, sem hún samkvæmt nefndri lagagrein hefur til unnið, hæfilega metin 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Endurgjalds fyrir þýfið hefur ekki verið krafizt. Svo ber henni og að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. Það athugast, að mál þetta, sem er einfalt og fyrirferðarlítið, hefur verið lengur undir dómi hjá undirdómaranum en lög leyfa, en að öðru leyti hefur rekstur þess í hjerði verið vítalaus. Sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærða, Yngveldur Sigurðardóttir, á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 5 daga. Svo ber henni að greiða allan af málinu í hjerði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og verjanda þar, cand. juris Hannesar Thorsteinson og málaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.